


54 hælisleitendur hafa fengið vernd á árinu

Í tilefni af sívaxandi fjölda umsókna um hæli hér á landi og umræðu um málefni flóttamanna vill ráðuneytið upplýsa um þróun mála, þar á meðal um fjölda umsókna, upprunaríki umsækjenda, hlutfall veitinga og fjöldaspár fyrir árið. Upplýsingar frá Útlendingastofnun sýna að árið í ár verður metár hvað fjölda umsókna varðar, en nú um miðjan september hafa 196 manns sótt um hæli. Á sama tímabili í fyrra sóttu 104 um hæli en samtals sóttu 176 manns um hæli það ár. Fjölgunin milli ára miðað við 17. september nemur 88,5%. Það sem af er ári hafa 54 einstaklingar fengið vernd á Íslandi og 40% þeirra mála sem fóru í efnismeðferð enduðu með vernd.

Þróun umsókna síðustu ára og spá um fjölda umsókna í ár má sjá á myndinni hér að neðan.




Á myndinni að neðan má sjá fjölda umsókna á árinu eftir upprunaríki umsækjenda, en fjölmennustu hóparnir eru:

1. Albanía – 66 (34%)
2. Sýrland – 23 (12%)
3. Makedónía – 9 (5%)
4. Íran – 9 (5%)
5. Kósóvó – 8 (4%)

Umsækjendur frá öðrum ríkjum eru 81.

Þjóðerni hælisleitenda - 1. jan. til 17. sept. 2015




Niðurstöður mála hjá Útlendingastofnun

Súluritið hér að neðan sýnir niðurstöður mála hjá Útlendingastofnun frá árinu 2009 til dagsins í dag. Rétt er að geta þess að óhemjumikill fjöldi umsækjanda frá Albaníu og Króatíu hefur veruleg áhrif á fjölda synjana árið 2013. Mikill fjöldi umsækjanda frá Albaníu árið 2015 er ekki enn farinn að hafa teljandi áhrif.

Heildarfjöldi ákvarðana á ári var sem hér segir:

| 2009: 35 | 2010: 34 | 2011: 47 | 2012: 59 | 2013: 181 | 2014: 131 | 2015: 167 |



**Ekki var haldið utan um þær ákvarðanir þar sem umsækjandi hafði þegar fengið vernd fyrr en árið 2015. Fram að því flokkuðust þær ýmist með Dublin málum eða synjunum, eftir atvikum málanna.*

Fjöldi og hlutfall umsækjenda sem fá vernd

Grafið hér að neðan sýnir fjölda einstaklinga sem hlotið hafa vernd (hlutfall veitingar) á ári hverju og hlutfall miðað við fjölda umsókna – bæði af efnis- og Dublinákvörðunum. Fjöldi ákvarðana í málum Króata og Albana árið 2013 hefur, eins og áður er nefnt, veruleg áhrif á tölfræði ársins 2013.

